24. mars 1994

FRÉTTATILKYNNING

Vegna þeirra gjörningahríðar er nú gengur yfir vegna veiða smábáta vill Landssamband smábátaeigenda taka eftirfarandi fram:

Sjávarútvegsráðherra, Landssamband íslenskra útvegsmanna, útvegsbændafélög og nú síðast Sjómannasamband Íslands, hafa á undanförnum dögum stillt íslenskum trillukörlum upp sem allsherjar blóraböggli allra vandræða sjávarútvegsins.

Þessir aðilar hafa haldið því fram að ekki sé unnt að auka aflamark í þorski vegna veiða smábáta. Þetta er sérkennileg framsetning í kjölfar ótal yfirlýsinga Hafrannsóknastofnunar að nýafstaðið togararall ***gefi ekki tilefni til aukins aflamarks!***

Þá láist þessum sömu aðilum að geta þess að við útgáfu reglugerðar um þorskveiðar fiskveiðiársins ´93 - ´94 er hvergi gert ráð fyrir millifærslu aflamarks milli ára, en hún er 13.478 tonn af þorski og mun sá afli bætast við þær aflatölur sem reglugerðin gerir ráð fyrir. Þá láist þeim einnig að geta þess að heimilt er að veiða 5% umfram úthlutað aflamark og gæti sú lagaheimild aukið aflann um 6.805 tonn.

Aðeins þessi tvö atriði geta aukið afla fiskveiðiársins ***um rúm 20.000 tonn, eða nánast allan ársafla svokallaðra krókaleyfisbáta.***

Með sama framsetningarmáta er hægt að halda því fram að skerða þurfi aflamark í þorski í byrjun næsta fiskveiðiárs um 15% vegna þessara lagaheimilda.

Þrátt fyrir þessar staðreyndir tönglast þessir aðilar á smábátaaflanum sem eina óvissuþættinum í fiskveiðistjórnuninni.

Tilgangurinn er aðeins einn. Hann er sá að afla verksmiðjuskipasægreifunum og fulltrúum þeirra fylgis við að leggja krókakerfi smábáta í rúst þannig að aflaheimildir þeirra verði framseljanlegar og stórútgerðin geti því í einu vetfangi verslað þær til sín. Best er að þeirra mati að þetta gangi sem hraðast fyrir sig, þar sem kvótabraskið hefur enn ekki verið afnumið og því enn mögulegt að þvinga sjómenn til kvótakaupa.
En forystumenn sjómanna hafa þyngri áhyggjur af afla krókabáta og hafa helgað krafta sína heilagri baráttu gegn trillukörlum sem í fjölda tilfella eru fyrrum félagsmenn sjómannasamtakanna.

Þá fjalla þessir aðilar ekkert um aðrar hliðar málsins, enda vart heppilegt þegar lagst skal á eitt um að koma þjóðinni í skilning um „staðreyndir“ málsins.

Á aðeins 32 mánuðum hafa smábátar á aflamarki misst 70% sinna veiðiheimilda, ásamt fjölmörgum útgerðaraðilum smærri skipa og vertíðarbáta. Áhyggjur þessara aðila af þeim staðreyndum eru engar, þar sem þetta snertir ekki verksmiðjuskipasægreifana. Er þetta þó eitt brýnasta úrlausnarmál löggjafans við endurskoðun laga um stjórn fiskveiða.
Þessar hrikalegu skerðingar eru ekki komnar til vegna veiða smábáta. Stórútgerðarmenn eru með málflutningi sínum að reyna að hvítþvo hendur sínar af þeim 1,2 milljónum tonna af þorski sem þeir hafa sjálfir veitt umfram tillögur fiskifræðinga frá árinu 1977. Afli smábátanna sem þeir nú segja allt skipta sköpum nemur 0,8% þess afla.

Að auki er stöðugt hamrað á því að verði frumvarp ráðherra að lögum skerðist aflamark annarra skipa um 10%, en smábátar haldi öllum sínum veiðiheimilum.
Þarna eru allar tölur stórlega ýktar og vísa smábátaeigendur þessu á bug en vilja vekja á því athygli að frumvarpið gerir ráð fyrir að þorskafli krókabáta verði skertur um tugi prósenta.

LANDSSAMBAND SMÁBÁTAEIGENDA